



Kópavogsbær

kopavogur.is

Öryggisferlar sem fylgja handbók frístundastarfs í grunnskólum Kópavogs

Veikindi og forföll á að tilkynna til skólaritara og forstöðumenn fara yfir skráningar dagsins í Mentor.

Sérstaklega þarf að hafa samband við forstöðumann ef breyttar aðstæður eru hjá barninu viðkomandi dag. Alltaf þarf að hringja fyrir kl. 13.00.

Öryggi barnanna á alltaf að vera í fyrirrúmi. Ætlast er til að starfsfólk dægradvala þekki öryggis- og vinnureglur sem í gildi eru.

Barn mætir ekki / barn týnist



Talað við kennara og/eða stuðningsfulltrúa í bekk barnsins

Ef barnið finnst er rætt við það um mikilvægi þess að mæta tímanlega og skrá sig inn, láta foreldra vita í lok dags.

Barn finnst ekki



Ef barnið finnst ekki þá er hringt í foreldri og athugað hvort barnið hafi farið heim eða verið sótt

Leit endurtekin og einnig leitað í nálægð við skólann í samstarfi við forráðamenn. Haft samband við forráðamenn bekkjarfélaga og athugað hvort barn hafi farið heim með vini.

Haft samband við lögreglu



Ef ekki gengur að finna barnið þá skal haft samband við lögreglu í samráði við forráðamenn (1-2 klst. eftir að barn hefur ekki látið)

EF ÞAÐ KEMUR ÍTREKAÐ FYRIR AÐ BARN SKILI SÉR EKKI Í DÆGRADVÖL VERÐA FORRÁÐAMENN OG FORSTÖÐUMAÐUR AÐ RÆÐA SAMAN AÐ LEIÐUM TIL ÚRBÓTA.

Áverkar

Smávægilegir áverkar



Smávægilega áverka má skilgreina sem óhapp sem ekki þarf að leita til læknis, t.d. skrámur, marblettir, blóðnasir, skurðir og skeinur.

Gert er að áverkum með búnaði úr sjúkrakassa á staðnum.

Ef barningu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forráðamenn.

Alvarlegir áverkar



Alvarlega áverka má skilgreina sem óhapp þar sem leita þarf til læknis, s.s. alvarleg brunasár, beinbrot, andlitsáverkar, tognanir, þung höfuðhögg, bakáverkar og grunur um innvortis meiðsl.

Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp.

Starfsfólk skiptir með sér verkum og sjá til þess að sinna öðrum börnum.

Ef áverkar eru alvarlegir/lífshættulegir er hringt á 112 og barni fylgt á slysadeild.

Haft er samband við forráðamenn.

Starfsmönnum dægradvala ber að sækja skyndihjálparnámskeið annað hvert ár.

Höfuðhögg



Alltaf haft samband við forráðamenn og látið vita. Hafa skal í huga að heilahristingur kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma.

Gera skal skýrslu um slysið.

Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allt starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á adrenalínpenna eða öðru sem til þarf og að notkun allra hjálpartækja sé öllum ljós.

Á ferð með börnin

Ferð undir- búin



Bakpoki með: sjúkrakassa, gsm síma og viðverulista/
aðstandendalista. Huga þarf vel að börnum með sérþarfir og
sjúkdóma.

Ef ná þarf sambandi við forráðamenn er haft samband við
skólaritara til að fá upplýsingar um símanúmer.

Mynda skal tvöfalda röð og börn talin í upphafi og þegar lagt
er af stað til baka.

Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast sem
hefur yfirsýn yfir hópinn.

Miða skal við að fjöldi barna á hvern starfsmann í lengri
ferðum sé ekki meiri en 10 börn.

Farið yfir götu



Þegar komið er að gangbraut skal stöðva röðina og gæta þess
að umferð stöðvist ekki fyrr en hópurinn er tilbúinn að fara yfir
götuna.

Mikilvægt að börnin gangi yfir götuna þegar umferð hefur
stöðvast og að starfsfólk fari á undan röðinni og aftasti starf-
smaður fer síðastur yfir.

Hópurinn skal ganga rösklega yfir umferðargötuna.



Á ferð með börnin

Strætóferðir



Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn.

Kynna sér vel tímaáætlun strætó.

Halda skal skipulagðri röð í strætóskýli og þegar gengið er inn og útum strætó.

Starfsmenn hafa stjórn á hópnum meðan beðið er eftir strætó svo börnin séu róleg nálægt umferð.

Telja skal börnin inn í strætó og sýna strætókort.

Börnunum komið fyrir í sætum (þrjú börn í tveimur sætum ef þörf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfinu.

Einn starfsmaður er við hverja útgöngudyr til að passa að börnin fari ekki út á vitlausum stað. Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefinn til að vera viss um að öll börnin séu farin úr strætó.

Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en vagninn er farinn.

Þegar á staðinn er komið skal leggja fyrir hópinn þær reglur sem gilda á viðkomandi stað.

Farið í íþróttarútu



Starfsmenn dægradvala sjái til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu.

Starfsmenn íþróttafélagana sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætunum sínum, spennu öryggisbelti ofl.

Á ferð með börnin

Almennings garðar



Starfsmaður finnur stað þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Mikilvægt er að einn starfsmaður sé ávallt vakandi yfir að vera nálægt bælistöðinni til öryggis.

Reglur sem gilda um staðinn útskýrðar og dagskráin kynnt.

Muna að telja börnin áður en garðurinn er yfirgefin.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir



Starfsmaður skal fara á undan og tilkynna komu hópsins.

Starfsmaður fer yfir reglur varðandi heimsóknina og almennar umgengnisreglur.

Mikilvægt er að telja börnin og hafa góða yfirsýn yfir hópinn.

